

Fyrirspurn E 13/2024
Flytjandi Stjórnsýsluhindranahópurinn
Til Ríkisstjórnir Norðurlandanna

Skrifleg fyrirspurn um fyrirbyggjandi starf gegn stjórnsýsluhindrunum

Til ríkisstjórna Norðurlanda

Stjórnsýsluhindranahópur Norðurlandaráðs sendi árið 2016 skriflega fyrirspurn til ríkisstjórna Norðurlandanna um vinnu landanna til að greiða fyrir frjálsri för (E24/2016). Þar sem átta ár eru nú liðin óskar Stjórnsýsluhindranahópurinn eftir eftirfylgni á stöðu nýu eftirfarandi fyrirspurna í þeim tilgangi að kanna hvort einhverjar framfarir hafi orðið á fyrirbyggjandi starfi gegn stjórnsýsluhindrunum.

Móttækna svarið verður borið saman við svarið frá árinu 2016 ([E 24/2016](#)) til að meta megi framgang vinnunnar við afnám stjórnsýsluhindrana yfir tímabil, í tengslum við framtíðarsýn forsætisráðherranna frá árinu 2019 um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði í heimi árið 2030.

Í ljósi þessa eru eftirfarandi fyrirspurnir lagðar fram:

1. Hvernig vega og meta stjórnarráð landanna hvaða stjórnsýsluhindranir/reglur, sem hindra frjálsa för, séu áhugaverðar eða þess verðar að gera eitthvað í málinu og hvaða reglur megi láta kyrrar liggja? Er það fjöldi fólks sem vandinn í raun bitnar á (í eigin landi), eða er það fræðilegur fjöldi einstaklinga sem GÆTI orðið fyrir hindruninni, eða er það hugsanlegur ávinningur samfélagsins mældur í peningum og kostnaðurinn við að breyta reglum, eða eitthvað allt annað sem hangir á spýtnni?
2. Hvernig miðla stjórnarráðin til umheimsins að það sé EKKI ætlunin að leysa hindrun/breyta reglum til að auðvelda frjálsa för á Norðurlöndum, sem og hugsanlegar ástæður að baki?
3. Er lagt sama mat á einstaklinga sem t.d. búa í einu norrænu ríki og starfa í öðru og einstaklinga sem bæði búa og starfa í eigin landi, með tilliti til hvata landanna til að leysa hugsanlegan vanda með regluverk þeirra? Hvernig má tryggja að einstaklingar sem nýta rétt sinn til frjálsrar farar lendi ekki í aðstæðum sem eru lakari en aðstæður



heimilisfastra borgara bæði búsetulandsins og starfslandsins? Hvaða aðili ber mesta ábyrgð á því að slíkt eigi sér ekki stað?

4. Hvert vísa yfirvöld landanna einstaklingum sem að ósekju hafa lent í deilum ríkja um ábyrgð við ákveðnar aðstæður og þar sem lífsviðurværi þeirra er ógnað á meðan þeir bíða úrskurðar/lausnar?

5. Hvernig er vinnulag í samskiptum yfirvalda og stjórnarráða til að tryggja að bréfum og fyrirsögnunum frá t.d. skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar sé svarað í tæka tíð? Er tímafrestur fyrir slík bréfaskipti?

6. Er það fast verkefni yfirvalda landanna að leggja til/innleiða einföldun á reglum til hagsbóta fyrir frjálsa för?

7. Ber yfirvöldum landanna á hverjum stað í dag skylda til að tilkynna til stjórnvalda og áfram til stjórnarráðanna um slíka annmarka eða mismun á lögum og reglum, sem geta leitt til þess að einstaklingar sem nýta rétt sinn til frjálsrar farar lendi í klípu?

8. Er til norrænn vettvangur sem tryggir að Norðurlöndin túlki og beiti norrænum sáttmálum á sambærilegan hátt og í samræmi við upphafleg markmið sáttmálanna, eða er túlkun og beiting norrænna sáttmála málefni sem að fullu er leyst af hverju landi fyrir sig?

9. Er til staðar vinnulag/vinnuaðferðir í löndunum, sem dregur úr hættunni á því að ný löggjöf í löndunum geti óviljandi verið upphaf hindrana fyrir frjálsa för á Norðurlöndum?

Þórshöfn, 9. apríl 2024

Stein Erik Lauvås (A)
Anna-Kristiina Mikkonen (sd)
Kim Berg (sd)
Lars Mejern Larsson (S)
Johan Dahl (sb)
Mikael Lindholm (ÅC)

Ann-Sofie Alm (M)
Heikki Autto (saml)
Johan Hultberg (M)
Maria Stockhaus (M)
Victoria Tiblom (SD)